



Alþjóðavæðing klámsamfélagsins
Ógnir við kynlífsheilbrigði unglinga

Elva Hreiðarsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í Félagsfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Alþjóðavæðing klámsamfélagsins
Ógnir við kynlífsheilbrigði unglinga

Elva Hreiðarsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Leiðbeinandi: Ingólfur V. Gíslason

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Október 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Elva Hreiðarsdóttir 2012

Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Með aukinni tækni og hnattvæðingu hefur aðgengi ungmenna að kynlífstengdu efni aukist til muna. Ungmennni hafa svo til ótakmarkaðan að klámsíðum á veraldarvefnum og rannsóknir sýna að börn við 11 ára aldur hafa flest komist í tæri við klám að einhverju tagi. Þau skilaboð sem ungt fólk fær í gegnum fjölmiðla eins og t.d. sjónvarp, tímarit og netmiðla geta ógnað kynlífsheilbrigði þeirra og stuðlað að óheilbrigðri kynhegðun. Margbreytileikinn er þó mikill hvernig áherslur er lagðar á heilbriggt kynlíf. Taka verður mið af menningu og ríkjandi gildum auk þess sem hver og einn einstaklingur gengur í gegnum kynferðisþroskann á ólíkan hátt. Íslenskir unglingar byrja samt sem áður mjög snemma að stunda kynlíf, mun fyrr en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndunum. Rannsókn frá árinu 2007 sýndi að 35% íslenskra unglingsstúlkna byrjuðu að stunda kynlíf fyrir 15 ára aldur auk þess sem tíðni þungana meðal íslenskra unglingsstúlkna væri hæst á Norðurlöndunum.

Áfengis-og vímuefnaneysla er líka einn þeirra þátta sem getur ógnað kynlífsheilbrigði unglinga enda alloft orsök þess að unglingar byrja snemma að stunda kynlíf. Til að stuðla að bættu kynheilbrigði verður að vera góð fræðsla um kynlíf svo einstaklingur geti myndað sér eigin viðhorf og skoðanir á því og hegðað sér í kynlífi á þann hátt að hann stuðli að vellíðan fyrir sig og rekkjunaut sinn.

Efnisyfirlit

1 Inngangur	5
2 Skilgreiningar og fyrri rannsóknir	7
2.1 Áhrif fjölmiðla	11
2.2 Aukin klámvæðing.....	13
2.2.1 Aðrar afleiðingar klámvæðingar	16
2.3 Kynfræðsla.....	18
3 Íslenskar rannsóknir	22
4 Samanburður	28
5 Lokaorð	31
Heimildaskrá.....	34

1 Inngangur

Lengi hefur verið leitast við að skilgreina hugtakið kynlífsheilbrigði og hafa þær skilgreiningar verið að breytast og þróast með tímanum. Það getur þó verið misjafnt eftir hverjum og einum hvað telst vera heilbriggt kynlíf. Umræður um kynlífsheilbrigði unglunga hefur aukist mikið undanfarin ár í kjölfar þróunar á klámvæðingu og er því stundum talað um þá kynslóð sem nú er að alast upp sem „klámkynslóðina“. Í gegnum fjölmiðla, tímarit og veraldarvefinn þá sérstaklega, hefur eftirlitslaus aðgangur unglunga að svo til ótakmörkuðu klámtengdu efni aukist stórlega. Börn og unglingar alast upp í dag við þá þróun í klámvæðingunni að ekkert er lengur talið heilagt. Klámmyndaleiksstjórar eru til að mynda fengnir til að leikstýra tónlistarmyndböndum hjá vinsælum poppstjörnum sem ungir aðdáendur líta upp til. Afleiðingar þess geta orðið þær að ungt fólk fari að tileinka sér þann klæðnað, ímyndir og tákn sem einkenna þessi djörfu tónlistarmyndbönd sem viðgangast í dag. Mikið er til dæmis um það í dag að stelpur setji inn klámfengnar myndir af sér fáklæddum á Facebook heimasíður sínar og þykir það ekkert tiltökumál. Fyrir nokkrum árum hefði þetta sennilega ekki viðgengist. Heimur vefsins hefur stækkað gríðarlega mikið undanfarin ár og samskipti ungs fólks fer fram að stórum hluta í gegnum veraldarvefinn. Við þurfum ekki að fara mörg ár aftur í tímann til að sjá mikinn mun á kynlífstengdu sjónvarpsefni. Í dag eru kynlífstengdar umræður og/eða athafnir í mörgum sjónvarpsþáttum og bíómyndum sem við horfum á, jafnvel auglýsingum. Klámtengt efni er alltaf að verða grófara og meira og svo virðist sem alltaf þurfi að ganga lengra og lengra til að ganga í augun á/eða fram af áhorfandanum.

Hér á eftir verður skoðað nánar hvort fjölmiðlar, netvæðing og klámvæðing hefur haft áhrif á kynlífshegðun ungs fólks og hvernig kynlífshegðun hefur breyst undanfarin ár. Hvað felst í óábyrgri kynhegðun og hefur hún aukist hjá unglungum síðastliðin ár? Fjallað verður um íslenskar rannsóknir á áhrifum kláms á unglunga, hvernig unglingar skilgreina hvað sé klám, auk fyrri skilgreiningar á klámi. Að auki verður sagt frá hvort klám geti haft áhrif á kynferðislegt ofbeldi eða nauðganir.

Til athugunar verður hlutfall fóstureyðinga og fæðinga unglingsstúlkna á Íslandi skoðaðar og þær bornar saman við Norðurlöndin.

Einnig verður fjallað um kynfræðslu í skólum og á heimilum og hvort sú fræðsla sé að skila sér til unglunga. Ekki eru mörg ár síðan kynfræðsla kom í grunnskóla landsins en hér áður fyrr var talið að kynfræðsla myndi ýta undir kynlífshegðun unglunga. Markhópurinn sem miðast verður við eru unglingar á aldrinum 14-19 ára. Rannsóknarspurningin er því hvort unglingum stafi ógn af fjölmiðlum og netmiðlum með aukinni klámvæðingu og hvort það hafi áhrif á kynlífsheilbrigði þeirra.

2 Skilgreiningar og fyrri rannsóknir

Unglingsárin eru tímabil sem stendur yfir milli þess sem einstaklingur er barn og þar til hann telst fullorðinn. Þessi ár eru stundum hugsuð í þremur þrepum, frumunglings skeið (11-14 ára), miðunglings skeið (15-17 ára) og lokaunglings skeið (18-20 ára). Á þessum tíma eiga miklar líkamlegar breytingar sér stað enda verður einstaklingur kynþroska á þessu tímabili. Sálfræðilegar breytingar eru einnig algengar hjá unglingum og félagslegir þættir spila stórt hlutverk í lífi þeirra. Það getur oft reynst erfitt fyrir unglinginn að setta sig við þessar breytingar og einstaklingurinn þarf að vinna úr margvíslegum þroskaverkefnum einnig þarf hann að skilgreina sig á nýjan hátt, hann hefur öðrum skyldum að gegna og upplifir meira frelsi en áður. Þetta aukna frelsi gerir það að verkum að sjóndeildarhringur unglunga víkkar, til dæmis við það að eignast nýja vini og prófa sig áfram í kynlífi (Beckett og Taylor, 2010). Við þroska kynvitundar fara unglingar að gera tilraunir og uppgötva sjálfan sig sem kynveru. Oftast byrjar þetta með kynferðislegri ímyndun og sjálfsfróun. Í kjölfarið er síðan byrjað að prófa ýmislegt í tengslum við kynlíf, til dæmis vera með einstakling af sama kyni, gælur, munnmök og að lokum kynmök (Feldman og Middleman, 2002).

Það má segja að unglingar séu mjög berskjaldaðir fyrir því efni sem birtist í fjölmiðlum en þar er birtingarmynd unglunga gjarnan afar bráðþroska einstaklingur sem hegðar sér á marga vegu líkt og fullorðinn einstaklingur, sérstaklega þegar kemur að kynlífi. Slík birtingarmynd þrýstir á unglunga að haga sér líkt og fullorðnir einstaklingar án þess að hafa nægilegan þroska til þess og getur það ógnað kynheilbrigði þeirra (Elkind, 2007).

Kynheilbrigði er samspil líkamlegra, andlegra, félagslegra og tilfinningalegra þátta sem stuðla að vellíðan fólks bæði varðandi kynlíf og frjósemi. Hugtakið kynheilbrigði felur í sér bæði kynlífsheilbrigði og frjósemisheilbrigði. Frjósemisheilbrigði (e. sexual and reproductive health) á við um alla þá þætti er varða frjósemi einstaklingsins, verndun frjóseminnar, takmörkun barneigna og barneignir. Kynlífsheilbrigði (e. sexual health) lýtur hins vegar að heilbrigðu kynlífi fólks og einkennandi þáttum þess, til dæmis er varðar tilfinningar, langanir og þörf mannsins fyrir ástríki. Kynferðislegt samband sem einkennist af því að einstaklingar geti notið eigin verðleika sem kynverur er líklegt til þess að vera gefandi og stuðla að þroska þeirra. Kynheilbrigði felur í sér að hlúa að

heilbrigðu kynlífi fólks en ekki er lögð megináhersla á barneignir (World Health Organization, 2001, hér eftir WHO). Það er því hægt að segja að um kynheilbrigði sé að ræða þegar einstaklingur hefur fengið góða fræðslu um kynlíf, hann myndað sér eigin viðhorf og skoðanir á því og hegðar sér í kynlífi á þann hátt að hann stuðli að vellíðan fyrir sig og rekkjunaut sinn (Sóley S. Bender, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Solveig Jóhannsdóttir, 2011).

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (hér eftir WHO) hefur unnið að skilgreiningu á hugtakinu kynlífsheilbrigði frá árinu 1974. Árið 1987 var til dæmis myndaður vinnuhópur á vegum WHO sem fékk það verkefni að fjalla um hvað fælist í hugtakinu kynlífsheilbrigði, hvað ógnaði heilbrigðu kynlífi og hvað væri hægt að gera til að stuðla að heilbrigði á þessu sviði. Í þeirri umfjöllun var hugtakið kynlífsheilbrigði skoðað í tengslum við menningu, í sögulegu samhengi og út frá ólíkum þörfum einstaklinga. Margbreytileiki heilbrigðs kynlífs var álitinn mikill og nauðsynlegt væri hverju sinni að taka mið af menningu og ríkjandi gildum, auk þess að greina hvernig skilaboð um heilbriggt kynlíf á hverjum tíma hefðu áhrif og að hver og einn einstaklingur gengi í gegnum kynferðisþroskann á ólíkan hátt. Skynjun sérhvers manns á því hvað sé heilbriggt kynlíf getur því verið mismunandi. Fólk í ólíkum aldurshópum, með andlega eða líkamlega sjúkdóma, í mismunandi samfélögum og trúarhópum er því líklegt til þess að líta á kynlíf á ólíkan hátt og hafa frábrugðnar hugmyndir um hvað telst vera heilbriggt kynlíf (WHO, 1987).

Fyrsta heildstæða skilgreiningin WHO á því hvað sé kynlífsheilbrigði kom þó ekki fram fyrr en 1994. „Kynlífsheilbrigði er það þegar hægt er á frjálstan og ábyrgan hátt að tjá kynferðislegar tilfinningar sem stuðla að persónulegri og félagslegri vellíðan og jafnframt styrkja einstaklinginn og samskipti hans. Það er ekki bundið við að vera án sjúkdóma eða heilsubrests og til að öðlast og viðhalda kynlífsheilbrigði er nauðsynlegt að viðurkenna og viðhalda kynlífsrétti fólks“ (PAHO og WHO, 2000, bls 6). Kynlífsheilbrigði hefur þó verið skilgreint á margan hátt síðan þá. Árið 2000 settu Pan American Health Organization (hér eftir PAHO) í samvinnu við WHO fram skilgreiningu á kynlífsheilbrigði: „Kynlífsheilbrigði er stöðugt ferli sem felur í sér kynferðislega vellíðan á líkamlegu, andlegu, félagslegu og menningarlegu sviði“ (PAHO og WHO, 2000, bls. 6).

Upp úr 1990 fór að aukast umfjöllun á alþjóðlegum vettvangi um bæði kynlífs- og frjósemisheilbrigði. Með því var farið að leggja áherslu á heilbriggt kynlíf (e. sexual health) annars vegar og heilbrigða frjósemi (e. reproductive health) hins vegar. Slíkar áherslur komu til dæmis fram í starfsáætlun Alheimssamtaka um fjölskylduáætlun (International Planned Parenthood Federation, hér eftir IPPF) sem sett var fram árið 1992 og náði til ársins 2000, einnig í skýrslu WHO árið 2001 (IPPF, 1992, Evans og Huevo, 1997, WHO, 2001). Áherslur á kynlífsheilbrigði og frjósemisheilbrigði hafa verið mjög mismunandi eftir löndum. Bæði vegna trúarlegra og pólitískra ástæðna auk menningarlegs breytileika og ólíkra þróunarstiga. Víða er lögð megináhersla á frjósemisheilbrigði en lítil eða engin á kynlífsheilbrigði og ef fjallað er um kynlíf þá er það helst í tengslum við vandamál á borð við óvelkomnar þunganir og kynsjúkdóma (WHO, 1986).

Kynlífsheilbrigði (sexual health) má í rauninni skilja sem hugmyndir um tvíátta stefnu kynorkunnar. Slíkar hugmyndir eru ekki nýjar af nálinni, þær komu til dæmis fram í íslenska ritinu, Heilsurækt og mannamein, frá fimmta áratug síðustu aldar. Wendi Maltz, kynlífsráðgjafi (sex therapist), lítur á kynorkuna sem jákvætt, náttúrulegt afl sem getur beinst annað hvort í jákvæðan eða neikvæðan farveg. Árið 1995 setti Maltz fram hugmyndafræðilegt líkan sem sem hún nefndi „Hierarchy of Sexual Interaction“, eða sem þýða mætti „stigbundin kynferðisleg samskipti“. Jákvæði farvegurinn er uppbyggjandi fyrir einstaklinginn og þar er lögð áhersla á öryggi, umhyggju, traust og jafnræði. Þetta er farvegurinn sem lýtur að kynlífsheilbrigði. Hinn farvegurinn er andstæða þess fyrri þar sem hvorki er hugað að tilfinningum, þroska né öryggi einstaklingsins. Hann einkennist af óheiðarleika, svikum, sársauka og veldur neikvæðri reynslu, einnig röskun og ógnun við kynferðislegt heilbrigði (Maltz, 1995).

Ógnir við kynlífsheilbrigði einstaklingsins geta verið af ýmsum toga, til dæmis þegar valdahlutfall í sambandi er ójafnt, þegar valdi er beitt af einum eða fleiri til að ná fram vilja sínum eða þegar lyf og vímuegifar eru notaðir til að sljóvga einstaklinginn og

notfæra sér hann kynferðislega í því ástandi. Við þessar aðstæður er sá sem fyrir ógninni verður mjög valdalítill. Einnig hafa margar þjóðfélagslegar breytingar átt sér stað á undanförunum árum er ógna kynlífsheilbrigði. Þegar um þvingað kynferðislegt samband er að ræða þá er einstaklingurinn ekki frjálst til að tjá sig og sameiginleg ábyrgð ekki til staðar. Þvingunin hefur áhrif á einstaklinginn, ógnar kynferðislegu öryggi hans og leiðir til vanlíðunar. Vanlíðan getur svo endurspeglast í skertri sjálfsmynd, óöryggi og sektarkennd (Greenberg, Bruess og Haffner, 2004).

Almenn netvæðing hefur verið mjög hröð og með henni hefur ungu fólki opnast aðgangur að margvíslegum upplýsingum um kynlíf, bæði góðum og slæmum. Unglingar fá margvísleg skilaboð er varða kynímynd þeirra og sjálfsímynd með áhorfi á tónlistarmyndbönd. Mörg af þeim skilaboðum sem ungt fólk fær með áhorfi á sjónvarp, myndbönd, kvikmyndir eða af veraldarvefnum gefa þeim iðulega til kynna að það sé sjálfsagt mál að haga sér á óábyrgan hátt í kynlífi. Sjaldnast er fjallað um afleiðingar óábyrgrar kynhegðunar. Í rannsókn sem framkvæmd var í Kína komu í ljós tengsl áhorfs á myndbönd og áhættusamrar kynhegðunar. Það kom fram að áhættusöm kynhegðun var stunduð á þann hátt sem að viðkomandi hafði séð í myndbandi og hafði það í för með sér margvíslegar sýkingar og heilsufarslegar afleiðingar (Wang og Davidson, 2006).

Algennt er að unglíngar verði fyrir miklum þrýstingi frá umhverfi sínu og þá sérstaklega jafningjum þegar kemur að því að stunda kynlíf (Sigurlaug Hauksóttir, 2006). Líkurnar á að unglíngur láti undan slíkum þrýstingi eru meiri ef þeir fá ekki nægilega fræðslu um kynlíf nógu snemma. Það getur einnig leitt til þess að unglíngar eigi erfitt með að setja sér mörk í kynlífi og afleiðingar þess verið að kynheilbrigði þeirra versnar. Að takast á við mögulegar afleiðingar kynlífs svo sem kynsjúkdóma eða barneignir getur reynst erfitt og sér í lagi fyrir einstakling sem ekki hefur náð fullum andlegum og líkamlegum þroska. Auk þess hefur verið sýnt fram á að auknar líkur séu á þunglyndi meðal stúlkna sem byrja að stunda kynlíf snemma (Lovísa Arnardóttir, 2011).

Ábyrg kynhegðun felur sem sagt í sér að geta rætt um og notað getnaðarvarnir, geta sótt sér kynheilbrigðisþjónustu ef grunur er um smit kynsjúkdóma eða þörf er fyrir notkun getnaðarvarna auk þess að láta sig velferð rekkjunautarins varða.

Óábyrg kynhegðun felur svo í sér að unglingar eru ólíklegri til að nota getnaðarvarnir og byrja fyrr en eðlilegt er talið að stunda kynlíf. Afleiðingar óábyrgrar kynhegðunar getur verið aukin tíðni kynsjúkdóma, fóstureyðinga og ótímabærra þungana (Ethier, Kershaw, Lewis, Milan, Niccolai og Ickovics, 2006).

Viðhorf unglinga til kynlífs getur samt verið mismunandi milli kynja. Hugsanlega má rekja það til þess að stúlkur og drengir túlka tilgang kynlífs ekki á sama hátt. Stúlkur virðast stunda kynlíf til að tjá ást sína og styrkja tengsl milli sín og rekkjunauts en drengir telja að þeir öðlist ákveðna stöðu og að um þroskamerki sé að ræða þegar þeir byrja að stunda kynlíf (Beckett og Taylor, 2010).

Debra Haffner kynlífsfræðingur (sexologist) talar um mikilvægi þess að ungt fólk líti jákvætt á kynlíf sitt og að reynsla þess af kynlífi geti veitt þeim jákvæða og uppbyggilega reynslu. Eitt mikilvægast sem þarf til að stuðla að kynlífsheilbrigði ungs fólks telur hún vera að hjálpa þeim að viðurkenna að þau eru kynverur, með öllum þeim löngunum og þráum sem því fylgja. Það sé því mikilvægt að líta á kynlíf unglinga sem eðlilegan þátt í þroska þeirra (Haffner, 1993). Það er nauðsynlegt að stúlkur líti jákvætt á kynlöngun og að þeim finnist þær geta haft stjórn á því kynferðislega sambandi sem þær eru í. Jafnframt sé það mikilvægt að drengir leyfi sér að viðurkenna kynferðislegar tilfinningar sínar og að þeir séu ekki hliðhollir hópþrýstingi sem vilji hlutgera stúlkur og kynlíf. Mikilvægt sé að þeir nái að móta karlímynd sem miðast við það að sýna tillitssemi og nærgætni í kynferðislegu sambandi en ekki valdsmannslega hegðun (Tolman, Striepe og Harmon, 2003).

2.1 Áhrif fjölmiðla

Fjölmiðlar gegna sívaxandi hlutverki í nútímasamfélagi og spila mjög stórt hlutverk í upplýsingaveitu til almennings. Fjölmiðlar hafa verið skilgreindir á mismunandi hátt eftir stað og stund. Ein skilgreining sem sett hefur verið fram á fjölmiðlum er sú að fjölmiðill er fyrirtæki eða stofnun sem dreifir upplýsingum til fjölda fólks á ákveðnu svæði. Sjónvarp, veraldarvefurinn, útvarp, dagblöð og tímarit eru meðal annars þær útgáfur sem til eru af fjölmiðlum sem dreifa upplýsingum sínum til notenda (Menntamálaráðuneytið, 2005). Hins vegar hefur notkun fjölmiðla breyst mikið

síðastliðin ár með tilkomu veraldarvefsins og fjölmiðlar eru því orðnir mun útbreiddari og aðgengilegri en áður. Þessi mikla tækniþróun hefur orðið til þess að veraldarvefurinn hefur nánast komið í stað bóka, ritvéla, útvarps og sjónvarps enda hægt að nálgast allt þetta efni þar. Heimur vefsins hefur stækkað gríðarlega mikið á undanförunum árum og fer líf ungs fólks og samskipti þeirra á milli að stórum hluta í gegnum veraldarvefinn (Biocca, 2000).

Með aukinni tækni hefur aðgengi barna og unglunga að efni sem sýnir ranga mynd af kynlífi aukist til muna. Ungmennni hafa greiðan aðgang að alls kyns klámtengdu efni á veraldarvefnum og rannsóknir sýna að við 11 ára aldur hafa flest börn komist í tæri við kynlífstengt efni (Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir, 2006).

Fjölmiðlar eru taldir vera mikill áhrifaþáttur á kynheilbrigði unglunga auk þess sem þeir geta haft áhrif á viðhorf unglunga til líkamsmyndar sinnar. Á það sérstaklega við um stúlkur, enda er mikið lagt upp úr útliti og líkamsvexti kvenna í fjölmiðlum í dag. Rannsóknir á áhrifum kynlífs í fjölmiðlum hafa því margar hverjar beinst að ungu fólki þar sem talið hefur verið að fjölmiðlar geti haft mótandi áhrif á viðhorf og hegðun tiltölulega óþroskaðra unglunga. Niðurstöður flestra þessara rannsókna benda eindregið til að þetta sé rétt mat. Sem dæmi má nefna rannsókn sem var gerð á ungum karlmönnum og þar kom í ljós að eftir að þeir sáu myndir af nöktum konum úr tímaritunum Playboy og Penthouse fannst þeim þeirra eigin kærustur vera minna kynsandi en annars. Einnig er vitað að þeir sem horfa mikið á efni þar sem kynlíf kemur fyrir eru líklegri til að fá ranghugmyndir um kynlíf, þeir geta ofmetið tíðni kynlífs og ýmissar kynlífshegðunar meðal almennings. Auk þess sem þeir einstaklingar hafa jákvæðara viðhorf til framhjáhalds. Ungt fólk lærir oft af því sem það sér í fjölmiðlum og þeir sem leita til fjölmiðla eftir fyrirmyndum verða oft fyrir vonbrigðum með fyrstu kynlífsreynslu sína. Með því geta fjölmiðlar haft neikvæð áhrif á upplifun fólks af kynlífi og einnig hversu ánægt fólk er með eigin líkama. Niðurstöður benntu einnig til að unglingar sem horfa mikið á sjónvarpsefni með kynlífi byrji að stunda kynlíf fyrr en jafnaldrar þeirra (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2006a).

Rannsóknir Lo og Wei (2005) hafa einnig sýnt að áhorf kláms hafi áhrif á kynhegðun unglunga. Slíkt efni getur gefið afar skakka mynd af því sem telst vera eðlilegt kynlíf enda kemur oft fyrir að klámefni innihaldi niðurlægjandi kynlíf og þá sérstaklega í garð kvenna. Því getur áhorf á klám verið viðamikill áhrifaþáttur á sjálfsmynd og kynheilbrigði unglunga.

2.2 Aukin klámvæðing

Klámvæðing hefur aukist mikið sem hefur leitt til þess að viðhorf fólks til kynlífs og almennrar kynhegðunar hefur breyst (Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir, e.d.). Það ætti ekki að vera erfitt að skilgreina fyrirbæri sem er jafn útbreitt og klám en samt sem áður virðist vera erfitt að negla niður skilgreiningu sem allir eru sammála um. Þrátt fyrir til dæmis að ítarleg viðurlög séu um meðal annars klámnotkun, sölu og dreifingu í íslenskri löggjöf má þar hvergi finna skilgreiningu á klámi. Erfitt er að framfylgja slíkum lögum því þau eru loðin og næstum óframkvæmanleg á meðan skilgreining á klámi liggur ekki fyrir. Einnig gefur mikil útbreiðsla átt sér stað á klámfengnu efni síðastliðin ár og áratugi og hefur tilkoma veraldarvefsins átt stóran þátt í því enda aðgengi þar að klámi greitt. Klám hefur því farið úr því að vera hálfgerð jaðarfyrirbæri yfir í að vera þáttur af dægurmenningu nútímans (Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson, 2006).

Pamela Paul (2005) skoðaði hvernig klám og sú menning sem því fylgir hefur áhrif á líf fólks. Hún bendir á að klám er ekki lengur falið í skúmaskotum og undir rúmdýnum heldur er klám og áhrif þess að finna mjög víða í menningu okkar að auki sem innihald þess hefur orðið grófara með árunum. Í ljósi þess að innihald kláms hefur verið að breytast og þróast hefur skilgreiningin haldið áfram að vera í lausu lofti. Mörkin á því sem telst vera klám og hvað er álitid vera almennt kynlíf verða sífellt óljósari. Paul bendir á að algengt sé að meðmælendur kláms haldi því fram að klám sé náttúrulegt og mikilvægur hluti af kynveru og líffræðilegu eðli karlmannna. Hún bendir einnig á að klámiðnaðurinn tengi mannlegt kynferði og kynþarfir við neyslu þess og því er haldið fram að í klámi sé einungis að finna venjulegt kynlíf.

Klám hefur þó verið skilgreint á margvíslegan hátt innan ýmissa fræða en félagsfræðingurinn Diana Russell er ein af þeim sem er á móti því að hafa mörkin á milli kláms og almenns kynlífs á reiki. Hún skilgreinir klám sem „efni sem sýnir kynlíf og/eða afhjúpuð kynfæri í tengslum við misnotkun og niðurlægingu þannig að slík hegðun sé studd, látin óátalin eða jafnvel hvatt til hennar“ (Russell, 1998, bls. 3). Hún gerir skýran greinarmun á klámi og erótík þar sem hún skilgreinir erótík aftur á móti sem kynferðislegar tilvísanir eða örvandi efni sem er laust við kynjamismunun, kynþáttafordóma eða fóbíu gagnvart samkynhneigðum og ber virðingu fyrir öllum mönnum og dýrum sem þar eru sýnd. Með því að gera þennan greinarmun undirstrikar Russell að þegar hún er að gagnrýna klám og innihald þess er hún ekki að tala á móti kynlífi og nekt. Auk þess segir hún að með þessum greinarmun sé það ofbeldisfull birtingamynd og niðurlæging kynverunnar sem mæli á móti klámi en ekki kynferðislegt innihald eða djarfar myndir (Russell, 1998). Femínistar gera einnig skýran greinarmun á erótík og klámi í skilgreiningu sinni. Samkvæmt þeim er klám sagt kynvæða ofbeldishegðun auk þess sem það innihaldi hlutgervingu og niðurlægingu kvenna (Lovísa Arnardóttir, 2011).

Hér á eftir, þegar fjallað verður um það klám sem hefur slæm áhrif á kynlífshegðun unglunga, verður stuðst við þá skilgreiningu sem Russell hefur á klámi, sem sagt þessi ofbeldisfulla birtingarmynd og niðurlæging kynverunnar.

Í nútímasamfélögum hefur klámvæðingin haft áhrif á alla því ekki er gerður greinarmunur á börnum og fullorðnum þegar kemur að markaðssetningu slíks efnis (Lovísa Arnardóttir, 2011). Klám er orðið útbreiddara og mun aðgengilegra en áður. Ofbeldi, niðurrif og öfgafull hegðun er það sem einkennir orðið stóran þátt kláms í dag, þá sérstaklega þess sem hægt er að nálgast á veraldarvefnum. Þrátt fyrir þetta grófa klám, það er sú birtingarmynd sem Russell skilgreinir, þá er viðhorfið, að klám innihaldi eðlilegt kynlíf, ennþá mjög ríkjandi og margir telja klám vera gott fræðsluefni um kynlíf. Auk þess heyrast þau sjónarmið víða að klám sé körlum eðlislægt og sé í raun hluti af þeirra líffræðilega eðli (Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson, 2006). Það er mjög algengt viðhorf hjá unglingum að klám nýtist vel sem fræðsluefni um kynlíf, enda margir sem fá sín fyrstu kynni af kynlífi í gegnum klám (Paul, 2005). Paul vísar í rannsókn sem Kinsey stofnunin gerði og þar kemur fram að 86% svarenda, bæði

karlar og konur, töldu að klám hefði fræðslugildi og 68% voru á þeirri skoðun að klám gæti leitt til meiri víðsýni gagnvart kynlífi. Margir karlmenn nota einnig klám til að læra hvað konur vilja í kynlífi. Fyrir marga karlmenn getur verið sama sem merki á milli kláms og kynlífs (Paul, 2005).

Áhrif grófs kláms á unglunga geta verið mikil og þau eru sífellt að breytast samfara aukinni klámvæðingu. Áhrif þessi eru fyrst og fremst hindrun á kynheilbrigði unglunga þar sem klámnotkun getur mótað rangt viðhorf þeirra til kynlífs. Slíkt getur leitt til óábyrgrar kynhegðunar, það er kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum fjölgað (Lovísa Arnardóttir, 2011). Klám getur því haft margvísleg áhrif á unglunga, til dæmis hafa margir drengir óraunverulegar hugmyndir um kynlíf og kynhegðun almennt. Einnig getur klám sett vissa pressu á unglingsstúlkur með þeim afleiðingum að þær taki af sér klámfengnar myndir eða myndbönd og birti á samskiptasíðum eins og til dæmis Facebook og telja þær að slíkt sé kynþokkafullt, skemmtilegt og flott (Paul, e.d.). Paul talaði líka um að drengir sem horfa mikið á klám geta misst getuna til að tengjast eða vera nálægt stúlku. Margir þeirra geta átt í vandræðum með að minnka áhorfið og með auknu áhorfi fara þeir að leitast eftir sífellt grófara efni (Paul, e.d.).

Með þessari miklu útbreiðslu kláms sem átt hefur sér stað er kynlífstengd hegðun orðin svo stór þáttur í daglegri menningu að fólk er hætt að taka eftir því. Þessi hegðun er nú talin eðlilegur hluti í nútímamenningu og birtist víða til að mynda í tímaritum, sjónvarpsþáttum og auglýsingum. Vegna þessarar þróunar í samfélaginu með til að mynda fjölgun kynferðislegra tilvísana í fjölmiðlum, er fólk almennt hætt að kippa sér upp við klámfengin skilaboð enda margir orðnir ónæmir fyrir slíku (Ásta Arnbjörg Pétursdóttir, Elvý Guðríður Hreinsdóttir, Andrea Hjálmarsdóttir, 2011).


Í Kaliforníu er til dæmis talið að klámiðnaðurinn velti allt frá 9 til 14 milljörðum dollara á ári. Ýmsar nýjungar í tæknilausnum hafa gert þennan vöxt mögulegan og hefur klámiðnaðurinn tekið kippi með hverri tækninýjung. Aðgengi að klámfengnu efni hefur orðið auðveldara með hverju ári og er netið sá miðill sem hefur jafnvel leitt mest til aukinnar útbreiðslu kláms. Netið hefur boðið upp á möguleika sem ekki voru til staðar með öðrum miðlum. Í kjölfar netvæðingar var klámneytendum kleift að hlaða niður, afrita og dreifa klámi. Í kjölfar netsins kom alþjóðavæðing klámheimsins og flest

landamæri og mörk afnumin. Talið er að yfir 260 milljónir klámsíðna séu á netinu sem þýðir 1800% aukning frá árinu 1998. Með auknu aðgengi, nafnaleynd og lítils tilkostnaðar hefur netið stóraukið neyslu á klámi. Það hefur dregið inn nýja neytendur, aukið neyslu hjá öðrum og þróað neyslusmekk klámnotenda. Með aukinni neyslu á klámi kemur aukin þörf fyrir fjölbreyttara klám (Paul, e.d.).

Því hefur verið haldið fram að ný kynlífsbylting eigi sér stað í ljósi þeirra hröðu þjóðfélagslegu breytinga sem orðið hafa á undanförunum árum og því sé nauðsynlegt að leita þeirra leiða sem þarf til að hlúa að kynheilbrigði fólks. Allir hafa þörf fyrir nánd og tilfinningaleg tengsl en WHO leggur áherslu á nauðsyn þess að flétta kynlífsheilbrigði inn í lífstíl fólks sem hluta af lýðheilsu. Það skiptir máli að vinna markvisst að ýmsum forvörnum á þessu sviði en jafnframt að huga að ýmsum aðgerðum gagnvart þeim vandamálum sem við blasa (Coleman, 2002).

2.2.1 Aðrar afleiðingar klámvæðingar

Fóstureyðingar og ótímabærar þunganir eru dæmi um áhættuþætti sem óábyrgt kynlíf hjá ungu fólki getur haft í för með sér. Einnig ber að nefna kynsjúkdóma, sem eru mjög algengir hér á landi. Til að mynda greindust 1818 einstaklingar árið 2008 með klamydíu á Íslandi, sem samsvarar því að fimm einstaklingar smitist á degi hverjum. Þessi tala hækkaði talsvert árið 2009 en þá greindust 2328 einstaklingar og var sýkingin algengust hjá stúlkum á aldrinum 15-19 ára. Síðastliðin 10 ár hafa stúlkur greinst í um 30% fleiri tilfellum en strákar, en árið 2009 voru tilföllin þó 40% fleiri en hjá strákum.



Mynd 1. Fjöldi klamydíutilfella á Íslandi frá árinu 2000-2009 (Embætti landlæknis, e.d. a).

Rannsóknir hafa einnig sýnt að því oftast sem unglingar horfa á klám því meiri líkur eru á því að þeim finnist hægt að kenna fórnarlömbum nauðgana sjálfum um vegna klæðnaðar þeirra (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2007). Auk þess kemur fram í skýrslu UNICEF (United Nations International Children's Emergency Fund) um stöðu íslenskra barna árið 2011 að tenging geti verið á milli áhorfs kláms og nauðgana þar sem klám getur haft áhrif á viðhorf til kvenna, þá sér í lagi þegar kemur að ofbeldi gegn konum (Lovísa Arnardóttir, 2011).

Það er samt staðreynd þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir fræðimanna að ekki hefur tekist að sýna fram á bein tengsl milli kláms annars vegar og kynferðislegs ofbeldis eða kynferðisafbrotá hins vegar. Þannig hefur ekki verið sýnt fram á að einstaklingar sem lesa klámblöð eða horfa á klámmyndir séu líklegri en aðrir til þess að beita kynferðislegu ofbeldi. Hér eiga þó önnur sjónarmið við um börn og ungmenni. Þau eru í sérstökum áhættuhópi því hvorki siðferðisvitund þeirra né þroski sem gerir nægjanlegan mun á réttu og röngu er fullmótuð. Börn eru áhrifagjörn og því auðmótanlegri af samfélaginu en fullorðnir einstaklingar. Það er ýmislegt sem veldur því að erfitt er að finna skýr tengsl milli kláms og kynferðisafbrotá. Í fyrsta lagi getur verið erfitt að skilgreina klám á viðunnandi hátt, hugtakið er hlaðið gildismati og mismunandi hvernig einstaklingar skilgreina það. Það sem einn telur vera klám finnst öðrum ekki. En þó ekki

hafi tekist að sýna fram á bein tengsl milli kláms og kynferðisafbrotá má leiða líkur að því að mikilvæg óbein tengsl séu til staðar. Það sem getur flækt málin er að félagslegar skilgreiningar á klámi geta tekið miklum breytingum á stuttum tíma en lagalegar skilgreiningar breytast ekki. Þannig getur vaxandi framboð á klámi leitt til þess að mörkin milli þess leyfilega og óleyfilega færast til. Þannig er líklegt að sá sem selur og dreifir klámi gangi alltaf lengra og lengra í að sýna grófara efni. Siðferðisvitund almennings slævist og ýmislegt sem áður var talið afbrigðilegt telst nú sjálfsagt. Einnig er rétt að hafa í huga að klámiðnaðurinn byggir í mörgum tilfellum á kúgun og misnotkun barna (Innanríkisráðuneyti, 2002).

Eyrún B. Jónsdóttir (2002), verkefnisstjóri neyðarmóttöku Landspítala fyrir þolendur kynferðisofbeldis segir að enginn geti mælt gegn því að vaxandi klámvæðing og kynferðisofbeldi gagnvart bæði konum og börnum hefur aukist ár frá ári. Samkvæmt skýrslu nefndar sem falið var að gera úrbætur vegna kláms og vændis þá er vaxandi framboð af sífellt klámfengnara efni. Starfsfólk neyðarmóttökunnar hefur vissulega tekið eftir því hvernig vaxandi ofbeldisýrkun, klámvæðing og markaðssetning kvenholdsins hefur almennt áhrif á ungar stúlkur. Þau telja einnig að ofbeldi í nauðgunum sé orðið grófara og meira er um hópnauðganir auk þess sem hegðunin sé grófari, ofbeldisfyllri og yfirvegaðri en áður. Einnig hefur starfsfólk Neyðarmóttöku orðið vitni af fleiri tilfellum þar sem konur eru ljósmyndaðar eða teknar upp á myndbandsupptökuvél, þar er til vitnis undarlegt kæruleysi, ástleysi og óvirðing (Guðrún Agnarsdóttir, febrúar).

2.3 Kynfræðsla

Umræður um kynlíf þóttu lengi vel ekki við hæfi og því átti kynfræðsla fremur erfitt uppdráttar í íslensku samfélagi langt fram á 20.öldina. Helsta ástæða þess var að kynfræðsla þótti fremur verða til þess að hvetja til kynlífs en að koma í veg fyrir það eða seinka því. Kynfræðsla er því í raun nýtt á nálinni á Íslandi (Sóley Bender o.fl., 2011).

Það er álit PAHO og WHO að kynferðislega heilbrigð samfélög þurfi að bjóða upp á alhliða kynfræðslu. Með alhliða kynfræðslu er átt við að leggja grunn að þekkingu,

viðhorfum, færni og gildismati í garð kynlífs. Þessar stofnanir telja mikilvægt að veita kynfræðslu innan veggja skóla en jafnframt að veita margvíslegum minnihlutahópum eins og geðfötluðum, líkamlega fötluðum, föngum og nýbúum slíka fræðslu. Kynfræðsla hefur oft verið gagnrýnd fyrir að vera bundin meira við áhættuhegðun unglunga frekar en að leggja áherslu á að styrkja unglunga og auka færni þeirra á sviði kynlífs. Hún miðast oft við að koma í veg fyrir kynsjúkdóma og þunganir meðal unglunga þar sem til dæmis er fjallað um einkenni, greiningu og meðferð sjúkdóma. Skort hefur á að fjalla mun víðtækar um hvaða leiðir sé hægt að fara til að fyrirbyggja kynsjúkdóma, hvernig ungt fólk getur talað saman um kynlíf og notað smokkinn kinnroðalaust þegar á þarf að halda (Sóley Bender, 1990). Það er ekki nægjanlegt að greina ungu fólki frá vandamálum kynlífs heldur þarf fleira að koma til svo hægt sé að byggja upp styrk einstaklingsins. Markmiðið með alhliða kynfræðslu er að styrkja sjálfmynd einstaklingsins og auka færni hans til að takast á við ýmis flókin atvik í kynferðislegum samskiptum. Lögð er áhersla á að hver og einn einstaklingur nái að þroskast sem kynvera, átti sig á eigin gildum og geti deilt þeim með öðrum. Hann þarf að geta myndað sambönd við aðra einstaklinga, sýnt öðrum ást og nánd sem samræmist hans gildismati. Það samband sem hann myndar þarf að einkennast af heiðarleika, samþykki beggja og vera báðum aðilum til ánægju (National Guidelines Task Force, 1996). Með kynfræðslu veitum við nemendum upplýsingar um hvernig unnt sé að stuðla að eigin kynheilbrigði og hvernig megi nýta þær upplýsingar til ákvarðanatöku nú og síðar á lífsleiðinni (Sexuality Information and Education Council of the United States, 2004).

Nauðsyn þess að fræða börn og unglunga um kynlíf hefur alltaf verið mikil í ljósi þess að mannveran er kynvera og kynlíf er órjúfanlegur partur í lífi manna. Nauðsyn kynfræðslu nú á dögum er jafnvel meiri en áður vegna þeirra breytinga sem orðið hafa í samfélaginu. Því eins og fram hefur komið með aukinni tækni og hnattvæðingu eru fleiri aðilar farnir að koma að fræðslu barna og unglunga, til dæmis hinir ýmsu fjölmiðlar og veraldarvefurinn. Sú fræðsla sem þaðan hlýst er ekki alltaf raunhæf og byggist ekki endilega á kynímyndum eða samskiptum sem þykja heilbrigð í kynlífi (Kanuga og Rosenfeld, 2004).

Kynlíf er eðlilegur þáttur í þroska unglunga og því þarf fræða börn um þá þætti er snerta kynlíf og hjálpa þeim að líta á sjálfa sig sem kynverur. Markmiðið er að hjálpa unglungum að setja sér ákveðin viðmið út frá eigin gildum hvað kynlíf varðar þannig að þau verði fær að taka sjálfstæðar ákvarðanir í kynlífi. Forsenda þess að geta frætt unglunga um kynlíf er að breyta hugsunarhætti varðandi hugsanlegt kynlíf þeirra. Spurningin er ekki hvort unglingar eigi að stunda kynlíf heldur hvenær þeir eigi að byrja stunda kynlíf (Haffner, 1993).

Ákveðin stefnumótun um kynfræðslu er mikilvæg í hverju samfélagi fyrir sig en á Íslandi hefur ekki verið mörkuð ákveðin stefna og einkennist umfjöllun um kynfræðslu einkum af tímabundnum áróðursherferðum. Stefnumótun þarf að hafa í för með sér markvissa samvinnu margra stofnana í samfélaginu til dæmis þeim er koma að stjórnsýslum landsins. Á Íslandi hefur stefnuleysið í þessum málaflokki augljósar afleiðingar. Tíðni ótímabærra þungana er há hér á landi miðað við hin Norðurlöndin, kynsjúkdómar eru algengir og sömuleiðis tíðni fóstureyðinga (Sóley S. Bender, 2006).

Kynfræðsla hefur mest áhrif þegar einstaklingar fá að vera virkir þátttakendur sem kanna eigin viðhorf og samfélagsleg gildi auk þess að þroska með sér félagslega hæfni. Kynfræðsla ætti að vera góður grunnur fyrir ungt fólk að skilja merkingu kynlífs og hvaða hlutverki það gegnir í heimi þeirra fullorðnu. Kynfræðsla felur í sér að hjálpa ungu fólki að skilja og þroska með sér færni að stofna til heilbrigðra sambanda á jafnréttisgrundvelli, hvort sem um er að ræða vinasambönd eða kynferðisleg sambönd. Auk þess er leitast við að hjálpa ungu fólki að sýna ábyrgð í kynferðislegum samböndum. Það er gert með því að fjalla um málefni er snýr að því hvernig eigi að standast þrýsting frá samfélaginu eða vinum þegar kemur að því að stunda kynlíf áður en einstaklingurinn sjálfur er tilbúinn. Einnig þarf að fjalla um mikilvægi getnaðarvarna og að sýna ábyrgð í kynlífi (Sexuality Information and Education Council of the United States, 2004).

Aðeins foreldrar geta miðlað eigin gildum og skoðunum varðandi kynferðismál til barna sinna. Sama hversu góð fræðslan er í skólum þá kemur hún ekki í staðinn fyrir fræðsluna heima fyrir. Foreldrar vilja fyrst og fremst að börnin þeirra séu örugg og fær um að stofna til heilbrigðra sambanda er varða kynlíf (Lilja Sigurðardóttir, 2002).

Foreldrar geta verið mikill áhrifaþáttur þegar kemur að getnaðarvarnarnotkun barna þeirra. Börn sem hlotið hafa fræðslu um ábyrga hegðun í kynlífi eru líklegri til þess að sýna ábyrgð þegar þau byrja að stunda kynlíf (Sóley S. Bender og Kosunen, 2005).

3 Íslenskar rannsóknir

Á Íslandi er tölvunotkun algeng meðal ungs fólks og eyðir það töluverðum tíma af lífi sínu í notkun á fjölmiðlum. Í niðurstöðum langtímarannsóknarinnar Börn og sjónvarp á Íslandi sem framkvæmd var af Sigurði Inga Árnasyni og Þorbirni Broddasyni árið 2010 kom fram að 67% barna á aldrinum 11-16 ára höfðu fartölvu eða borðtölvu inni í herbergjum sínum. Hafði um helmingur þeirra nettengingu inni í herbergjum sínum og þar með aðgang að fjölmiðlum. Þegar aðgangur unglunga að fjölmiðlum er svo greiður auðveldar það þeim að skoða það sem þá lystir án afskipta foreldra. Má því segja að unglingar með slíkt aðgengi hafi mun frjálsari hendur en þeir unglingar sem búa við það að tölva sé eingöngu í sameiginlegu rými fjölskyldunnar. Með aukinni tækni hefur aðgengi að fjölmiðlum aukist en með því hafa mörk þess sem telst vera innan heimilis og hvað utan þess orðið óljós. Í dag geta unglingar tengst umheiminum án þess að fara út fyrir herbergi sitt og/eða heimili og eru þeir því mun berskjaldaðri en áður fyrir því sem veraldarvefurinn hefur upp á að bjóða, þar með talið allskyns hættum (Sigurður Ingi Árnason og Þorbjörn Broddason, 2010).

Sú þróun að klámtengd hegðun hafi fært sig inn í daglegt líf fólks í gegnum auglýsingar, sjónvarpsefni, tónlistarmyndbönd og veraldarvefinn hefur valdið yfirvöldum talsverðum áhyggjum og fór Norræna ráðherranefndin til dæmis fram á að áhrif kláms og klámnotkun ungs fólks á Norðurlöndunum yrði könnuð. Guðbjörg Hildur Kolbeins gerði slíka rannsókn og skoðaði áhrif kláms á íslenska unglunga árið 2005. 323 unglingar af öllu landinu á aldrinum 14-18 ára svöruðu spurningalista. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna vel hugmyndir sem unglingar hafa um kynlíf og hvort klám hafi áhrif á skoðanir þeirra og athafnir. Áhugavert er að sjá hver skilgreining unglunga er á klámi en að mati þeirra var það skilyrði að kynfæri þurftu að sjást til að efni gæti kallast klám. Meirihluti unglunganna taldi þar af leiðandi að ef ekki sæist í kynfæri á mynd með fólki stunda kynlíf væri ekki um klám að ræða. Í þessari rannsókn Guðbjargar verður því miðast við að nota skilgreiningu unglunga á klámi, sem sagt til að efni geti kallast klám er skilyrði að kynfæri sjáist. 70% svarenda fannst að lögleiða ætti klám en um 9% unglunganna fannst að áfram ætti að banna klám. Einnig kom fram notkun unglunga á

klámi en þá höfðu 96% karlkyns og 88,7% kvenkyns svarenda horft á klám og var meðalaldur þeirra við fyrstu kynni af klámi tæplega 12 ár (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2006, desember). Hins vegar ber að taka fram að 60% svarenda höfðu séð klám gegn eigin vilja. Oftast höfðu unglíngarnir séð klám í sjónvarpi, á netinu eða í klámblöðum. Ungmennin töldu sig einnig hafa séð klám í dagblöðum og almennum tímaritum. Strákar höfðu séð klám mun oftast en stelpur. Einn af hverjum fimm strákum sagðist sjá klám daglega en aðeins 2% stelpnanna sögðust sjá klám það oft. Strákar skoðuðu klám oftast sér til skemmtunar og til sjálfsfróunar og þá yfirleitt þegar þeir voru einir heima hjá sér. Stelpurnar skoðuðu klám yfirleitt af forvitni með vinum sínum, annað hvort heima hjá sér eða hjá vinum. Stelpur töldu sig auk þess oft sjá klám í sprettigluggum á netinu eða í ruslpósti (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2006b).

Mikill munur var einnig á viðhorfum kynjanna til kláms því stelpum fannst klámið yfirleitt ógeðslegt og töldu þær að það leiddi til nauðgana og vændis. Strákum fannst það hins vegar skemmtilegt og töldu að það veitti þeim upplýsingar um kynlíf. Strákar voru einnig líklegri en stelpur til að hafa reynt eitthvað sem þeir höfðu séð í klámmyndum en klámið gerði stelpur hins vegar óánægðar með líkama sína auk þess sem þær sögðu að klámið olli þeim meiri áhyggjum á að standa sig ekki nógu vel í kynlífi. Í rannsókninni kom einnig fram að 11,5% unglínganna höfðu haft endaparmsmök og 7,7% haft samfarir við fleiri en einn í einu. Samband reyndist vera á milli klámnotkunar og að hafa haft kynmök við marga í einu. Tengsl voru einnig á milli klámnotkunar og aldurs við fyrstu kynmök, það er að segja því fyrr sem unglíngurinn hafði fyrst kynmök, því oftast hafði hann séð klám. Þess má einnig geta að því oftast sem unglíngarnir sáu klám þeim mun líklegri voru þeir til að segja að vinir þeirra notuðu klám, að það væri í lagi fyrir tvær stelpur að sofa saman og að stelpum og strákum fyndist kynlífið oft meira spennandi ef hinn aðilinn veitti smá mótspyrnu (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2006b).

Niðurstöður rannsóknar Andreu og Hjálmars frá árinu 2006 sýndu fram á mun milli kynja þegar kom að því að skilgreina klám. Stúlkurnar voru mun neikvæðari og viðhorf þeirra var að klám innihéldi efni sem væri óraunverulegt og tilfinningalaust þar sem konur væru neyddar til að stunda kynlíf í skiptum fyrir peninga. Drengir áttu í raun erfitt

með að skilgreina hvað væri klám, en almennt töldu þeir að klám væri kynlíf án tilfinninga. Þeir komust einnig að þeirri niðurstöðu að fín lína væri á milli kláms og kynlífs. Bæði kynin voru einnig sammála um nauðsyn þess að klám væri skilgreint (Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson, 2006).

Niðurstöður rannsóknar Margrétar Lilju Guðmundsdóttur, Jóns Sigfússonar, Álfgeirs Loga Kristjánssonar, Hrefnu Pálsdóttur og Ingu Dóru Sigfúsdóttur (2010) sýndu að 75,9% íslenskra drengja á aldrinum 16-19 ára horfi á klámfengið efni vikulega eða oftar en 7,3% íslenskra stúlkna á þessum aldri. Niðurstöður þessara rannsókna sýna svo ekki verði um villst að gríðarlegur munur sé á klámnotkun drengja og stúlkna. Klámnotkun íslenskra unglunga svipar til notkunar jafnaldra þeirra á hinum Norðurlöndunum. Þar kemur fram að 67,8% drengja og 6,1% stúlkna nota klám einu sinni í viku eða oftar í Noregi. 58,7% drengja og 6,7% í Svíþjóð og 72,3% drengja og 5,3% stúlkna í Danmörku (Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2010).


Viðhorf til kláms er mismunandi milli drengja og stúlkna en það er þó ekki eingöngu mismunandi viðhorf sem ríkir milli unglingsstúlkna og drengja því rannsóknir sýna einnig töluverðan mun á kynhegðun unglingsstúlkna og jafnaldra þeirra af hinu kyninu. Sést það vel þegar litið er á niðurstöður rannsóknar sem Barnaverndarstofa í samvinnu við Rannsókn og greiningu, framkvæmdi hér á landi árið 2004. Markmið hennar var meðal annars að rannsaka kynlífshegðun íslenskra unglunga og var könnun lögð fyrir alla framhaldsskólanema landsins þar sem svarhlutfall milli kynja var nær jafnt. Niðurstöður leiddu í ljós að stúlkur byrja heldur fyrr að stunda kynlíf en drengir auk þess sem þær eiga að jafnaði fleiri rekkjunauta. Stúlkur sjá jafnframt oftar eftir því að hafa stundað kynlíf en 37% þeirra stúlkna sem höfðu stundað kynlíf sögðust hafa séð eftir því einu sinni eða oftar. Af drengjum sem höfðu stundað kynlíf hafði fjórðungur séð eftir því einu sinni eða oftar (Barnaverndarstofa og Rannsókn og greining, 2006).

Áfengis- og vímuefnanotkun er einn þeirra þátta sem hefur hindrað kynheilbrigði unglunga enda alloft orsök þess að unglingar byrji að stunda kynlíf. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Þórodds Bjarnasonar, Stefáns Hrafns Jónssonar, Kjartans Ólafssonar, Andreu Hjálmsdóttur og Aðalsteins Ólafssonar (2006) er ungur aldur við


fyrstu kynlífsreynslu gjarnan afleiðing áfengisdrykkju. Það sést greinilega þegar horft er til þess að af þeim 32% nemenda í 10.bekk sem höfðu haft samfarir höfðu aðeins 14% aldrei drukkið áfengi. Þar af leiðandi höfðu rúmlega 56% nemenda sem höfðu stundað kynlíf einnig drukkið áfengi. Niðurstöður sýndu auk þess að með hverju skipti sem unglingur neytir áfengis aukast líkurnar töluvert á því að hann stundi kynlíf. Einnig kom fram að unglingur sem hefur orðið drukinn 20 sinnum eða oftar er sexfalt líklegri til að hafa haft samfarir en þeir sem ekki neyta áfengis (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2006).

Ungt fólk á Íslandi byrjar fyrr að hafa kynmök, hlutfallslega fleiri standa frammi fyrir þungun og færri nota getnaðarvörn við fyrstu kynmök en í ýmsum nágrannalöndum. Margt ungt fólk er að taka áhættu með ótímabæra þungun og kynsjúkdóma. Eftir því sem einstaklingurinn er yngri, óöruggari með sig og viðhorf sín til kynlífs og hvernig á að setja mörk á hegðun annarra er flóknara að stunda ábyrgt kynlíf. Kynmök eru iðulega höfð undir áhrifum áfengis og jafnvel annarra fíkniefna. Þá hefur einstaklingurinn enn minni stjórn, hegðunin verður kærulausari og lítt hugað að varúðarráðstöfunum varðandi óráðgerða þungun og kynsjúkdóma. Unglingar ganga í gegnum margs konar þroskabreytingar og verða fyrir áhrifum frá mörgum í umhverfinu, eins og foreldrum og vinum en jafnframt frá hinu stóra samfélagi. Skilaboðum er komið í gegnum alls kyns fjöl- og netmiðla þar sem margvísleg misvísandi skilaboð um kynlíf eru gefin og oft veit unglingurinn ekki hvernig eigi að taka á (Sóley S. Bender, Reynir Tómas Geirsson og Kosunen 2003).

Rannsókn Kjær, Tran, Sparen, Laufeyjar Tryggvadóttur, Munk, Dasbach o.fl. frá árinu 2007 sýndi einnig að íslenskir unglingar byrji fyrr að stunda kynlíf en jafnaldrar þeirra annars staðar á Norðurlöndunum. Niðurstöður hennar leiddu í ljós að um 35% íslenskra stúlkna höfðu stundað kynlíf fyrir 15 ára aldur en einungis 25% norskra unglingsstúlkna á þeim aldri, en þar var tíðnin lægst. Auk þess var fjöldi bólfélaga hjá unglingsstúlkum hvað mestur á Íslandi. Þá kom það einnig fram í rannsókninni að tíðni þungana meðal íslenskra unglingsstúlkna væri hæst á Norðurlöndunum. Hinsvegar standa Svíar fremstir í flokki þegar kemur að fjölda fóstureyðinga en Ísland er þar í næstneðsta sæti. Fóstureyðingar eru þó algengar meðal ungra stúlkna á Íslandi en 182 af þeim 976 fóstureyðingum sem áttu sér stað hér á landi árið 2010 voru á meðal stúlkna 19 ára og yngri (Kjær o.fl., 2007).



Mynd 2. Fóstureyðingar á Íslandi meðal kvenna á aldrinum 15-19 ára (Embætti landlæknis, e.d. b)



Mynd 3. Hlutfall fæðinga íslenskra kvenna á hverja 1000 á aldrinum 15-19 ára. (Hagstofa Íslands, e.d.).

Ef borin er saman tíðni fæðinga og tíðni fóstureyðinga íslenskra stúlkna á aldrinum 15-19 ára síðustu 10 árin, má sjá að 50-60% stúlkna kjósa að gangast undir fóstureyðingu er þær standa frammi fyrir því að verða þungaðar. Eins og sjá má á mynd 1 fjölgaði fóstureyðingum hlutfallslega mest á árunum 1996 og 2000 meðal stúlkna undir tvítugu. Frá og með árinu 2001 hefur fóstureyðingum í þessum aldurshópi hins vegar farið fækkandi. Hlutföllin hafa þó verið rokkandi frá 2001, mikil niðursveifla kom á árunum 2007-2009 en svo hækkaði hlutfallið aftur árið 2010. Á sama tíma hefur fæðingartíðni hjá konum á þessum aldri einnig lækkað. Hlutdeild yngsta aldurshópsins í heildarfjölda fóstureyðinga hefur einnig farið minnkandi allra síðustu ár og hefur hlutfallið nánast haldist stöðugt frá árinu 2004. Skýringanna er væntanlega að leita í tilkomu neyðargetnaðarvarna og auðveldara aðgengi að því úrræði. Fræðsla meðal yngstu aldurhópanna hefur einnig aukist fyrir tilstuðlan ýmissa aðila, svo sem skólahjúkrunarfræðinga, heilsugæslustöðva, Félags um forvarnir læknanema og annarra samtaka. Sala á neyðargetnaðarvörn hefur vaxið hratt eftir 2000. Neyðargetnaðarvörn kemur í veg fyrir getnað og þungun eftir óvarðar samfarir og er því notuð til þess að koma í veg fyrir óráðgerðan getnað. Neyðargetnaðarvörn hefur áhrif áður en egglos eða bólfesta á sér stað og er því ekki fóstureyðing. Hún er sérstaklega mikilvæg fyrir unglingsstúlkur sem eru oft ekki byrjaðar að nota öruggar getnaðarvarnir. Gera má ráð fyrir að neyðargetnaðarvörnin hafi áhrif á niðurstöður fóstureyðinga og fæðinga kvenna því þar hafa hlutföll verið að lækka en aftur á móti hafa hlutföll kynsjúkdóma verið að aukast síðastliðin ár (Embætti landlæknis, 2005).

Íslenskir unglingar sem byrja að stunda kynlíf 15-16 ára voru tvisvar sinnum líklegri til þess að nota getnaðarvarnir heldur en þeir sem byrjuðu að stunda kynlíf yngri en 14 ára og þeir sem voru 17 ára eða eldri voru fimm sinnum líklegri til að nota getnaðarvarnir heldur en þeir sem byrjuðu að stunda kynlíf yngri en 14 ára. Þannig vex ábyrgðin með auknum aldri (Bender og Kosunen, 2005). Rannsóknir hafa sýnt að unglingar sem byrja snemma að stunda kynlíf nota síður getnaðarvarnir, eiga fleiri rekkjunauta og eru því í meiri hættu að smitast af kynsjúkdómum og standa frammi fyrir ótímabærum þungunum. Unglingar sem byrja seinna að stunda kynlíf eru því líklegri til að sýna ábyrga kynhegðun (Garriguet, 2005).

4 Samanburður

Ef borin er saman aldursbundin tíðni fóstureyðinga á Norðurlöndum árin 1996–2000 er tíðni fóstureyðinga meðal kvenna yngri en 20 ára hærri á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum. Þegar staðan á Íslandi er borin saman við stöðuna á öðrum Norðurlöndum þarf einnig að taka tillit til fæðingátíðni. Af Norðurlöndunum er fæðingátíðnin hæst á Íslandi og munar þar mestu um hærri fæðingátíðni meðal yngstu aldurshópanna, þ.e. 20–24 ára og 15–19 ára (Nordic Medico Statistical Committee, 2004).

Tafla 1. Hlutfall fóstureyðinga kvenna á hverja 1000 á aldrinum 15-19 ára (Nordic Medico Statistical Committee, 2011).

<i>Land</i>	<i>Ár</i>	<i>Hlutfall á hverja 1000</i>
Danmörk	2000-04	14,5
	2008	17,6
	2009	16,4
Finnland	2000-04	15,3
	2008	12,7
	2009	12,8
Noregur	2000-04	17,3
	2008	18
	2009	15,9
Svíþjóð	2000-04	22,6
	2008	23,6
	2009	22
Ísland	2000-04	21,4
	2008	15,2
	2009	12

Fóstureyðingum hefur hlutfallslega fækkað á Norðurlöndunum á árunum 2000-2009 nema í Danmörku, en þar hefur hlutfallið hækkað frá árinu 2000. Hlutfallið hefur lengi

verið hæst í Svíþjóð og það hefur ekki breyst, hlutfallið af fóstureyðingum kvenna á aldrinum 15-19 ára er enn hæst þar.

Tafla 2. Hlutfall fæðinga kvenna á hverja 1000 á aldrinum 15-19 ára (Nordic Medico Statistical Committee, 2011).

Land	Ár	Hlutfall á hverja 1000
Danmörk	2000-04	6,7
	2005	5,7
	2009	5,5
Finnland	2000-04	10,5
	2005	10,3
	2009	8,5
Noregur	2000-04	10
	2005	8
	2009	9,5
Svíþjóð	2000-04	6,4
	2005	6,2
	2009	5,8
Ísland	2000-04	17,8
	2005	15,1
	2008	14,6
	2009	14,3

Hlutföll fæðinga hjá unglingsstúlkum hefur haldist svipað í Danmörku og Svíþjóð og hefur í báðum löndum farið lækkandi frá árinu 2000. Einnig hefur tíðnin verið svipuð í Finnlandi og Noregi og þar hafa hlutföllinn einnig farið lækkandi frá árinu 2000. Gera má ráð fyrir að neyðargetnaðarvörnin sé að spila þarna inn í líkt og hérlendis. Frá því hún kom á markað hafa hlutföll fóstureyðinga og fæðinga farið lækkandi en hlutfall kynsjúkdóma hefur farið hækkandi.

Kynheilbrigði flestra ungmenna hér á landi má teljast gott en ýmislegt mætti þó betur gera eins og samanburður við Norðurlöndin er til vitnis um. Samkvæmt honum byrjar

ungu fólk á Íslandi tiltölulega snemma að sofa hjá, sérstaklega stúlkurnar, og þær eiga flesta bólfélaga miðað við hin Norðurlöndin. Barneignir eru mun tíðari í þessum aldurshópi en á hinum Norðurlöndunum, þótt þeim hafi fækkað á undanförunum árum, en tíðni fóstureyðinga er næstlægst á Íslandi. Kynsjúkdómar eins og klamydía og kynfæravörtur eru algengastir hér á landi, einnig klámáhorf ungra drengja. Notkun hormónagetnaðarvarna árið 2008 var lægst hér á landi af Norðurlöndunum, sala neyðargetnaðarvarna næsthæst og notkun smokks í yngstu aldurshópunum einna minnst á Vesturlöndum. (Embætti landlæknis, e.d. c).

5 Lokaorð

Ljóst er að með fjölmiðlum, netvæðingu og klámvæðingu hefur kynlífstengdu efni fjölgað gríðarlega. Unglingar geta nálgast nánast hvað þeir vilja í gegnum Internetið, auk þess sem aukin klámvæðing hefur gert það að verkum að kynlífstengda hegðun er að finna í nánast öllum fjölmiðlum sem við sjáum í dag. Þetta hefur þær afleiðingar að unglingar fara miklu fyrir að tileinka sér þá hegðun sem þau sjá í fjölmiðlum. Í kjölfar netvæðingar hefur óábyrg kynhegðun unglunga aukist sem samanber hlutfall kynsjúkdóma. Reyndar hefur hlutföllum fóstureyðinga og ótímabærum þungunum farið niður á við á Íslandi og í flestum Norðurlöndunum en þar verður að taka neyðargetnaðarvörnina til greina. Frá því hún kom á markað hefur hlutföllum farið fækkandi. Aukin umræða hefur einnig verið um að stúlkur setji kynlíf í skiptum fyrir inngöngu í party sem getur verið ein sú afleiðing í kjölfar útbreiðslu klámsefnis. Stúlkur hafa þær ranghugmyndir að slík hegðun sé kynþokkafull og flott. Því virðist sem unglingar fái ekki næga fræðslu sem nauðsynleg er til að sporna gegn þessari hegðun sem hefur ríkt síðastliðin ár.

Í raun er mjög erfitt að koma með eina einfalda skýringu á klámi, en hægt er að flokka það sem gróft klám og vægt klám. Með grófu klámi þá er átt við þá ofbeldisfulla, öfgafulla hegðun og niðurlægingu, oftast í garð kvenna. Vægt klám gæti þá flokkast sem almennt kynlífsefni og nekt.

Með auknu aðgengi unglunga inn á helstu klámsíður í dag opnast fyrir þeim opinn heimur án alls takmarkana. Fyrir nokkrum árum var aðgengi ekki svo auðvelt að klámsíðum, sem voru þá læstar og til að opna aðgang þurfti að borga.

Þær hugmyndir um kynlíf sem margir unglingar hafa í kjölfar klámvæðingar getur því verið brengluð. Margar stúlkur telja sig þurfa að uppfylla ákveðnar væntingar í sambandi við útlit, hegðun og framkomu. Auk þess sem strákar gera oft lítil skil á klámi og kynlífi, sem gerir það að verkum að væntingar þeirra til stúlkna geta verið brenglaðar. Rannsóknir sýna að áhorf drengja á klám er miklu meira en áhorf stúlkna. Það hefur því oft sprottið upp sú umræða að klám sé eingöngu ætlað körlum og að klámefni sé búið til með það til hliðsjónar að eingöngu karlar séu að fara horfa á það.

Margir unglingar telja gróft klám vera fræðsluefni sem hægt sé að nýta sér í kynferðislegum samböndum og setja sama sem merki á milli kláms og kynlífs. Unglingar fá margvísleg skilaboð um kynhlutverk og líkamann, oft á öfgakenndan og

niðurlægjandi hátt. Það er því mikilvægt að ungt fólk átti sig á þessum skilaboðum og öðlist færni í að skoða þau á gagnrýninn hátt.

Til þess að unglingar geti byggt upp gott kynferðislegt samband er mikilvægt að þau ræði saman í hreinskilni og einlægni um kynlíf. Mörgum finnst erfitt að tala um kynlíf og í rauninni er lítið um góðar fyrirmyndir fyrir slíkt, eins og til dæmis í fjölmiðlum. Yfirleitt er gefin mynd af kynlífi og fólki í ástarsambandi en sjaldan er rætt um notkun getnaðarvarna eða afleiðingar þess að nota ekki getnaðarvarnir.

Þó svo að dreifing kláms sé ólögleg á Íslandi blasir það við augum almennings nánast hvar sem er. Klámefni hefur orðið augljósara síðustu ár og í raun má segja að það flæði yfir markaðinn. Eins og fram hefur komið sýna rannsóknir að áhorf unglinga á klámfengið efni, þá sérstaklega drengja, er mikið. Rúm 75% íslenskra drengja á aldrinum 16-19 ára segjast horfa á klám vikulega eða oftar. Íslenskir unglingar byrja auk þess fyrr að stunda kynlíf en jafnaldrar þeirra í Norðurlöndunum. Eftir því sem unglingar byrja fyrr en eðlilegt er talið að stunda kynlíf, því meiri líkur eru á að getnaðarvarnir séu ekki notaðar og þar af leiðandi eykst hættan við kynsjúkdóma og ótímabærar þunganir. Flestar rannsóknir sýna fram á að aukin klámvæðing hafi slæm áhrif á kynhegðun unglinga en eins og tölur sýna í dag, ef eingöngu er tekið mið af hlutföllum fóstureyðinga og fæðinga meðal stúlkna á aldrinum 15-19 ára, þá er erfitt að staðfesta það. Aftur á móti verður að taka mið af neyðargetnaðarvörninni því sala á henni hefur aukist gífurlega frá árinu 2000, auk þess sem hlutfall kynsjúkdóma hefur hækkað.

Heimildaskrá

- Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson. (2006). „*Þetta er út um allt*“ *upplifun og viðhorf unglinga til kláms*. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Ásta Arnbjörg Pétursdóttir, Elvý Guðríður Hreinsdóttir, Andrea Hjálmarsdóttir. (2011). „Leið tómt á eftir, maður var að leita að einhverju“. Rannsókn á reynslu íslenskra unglingsstúlkna af því að byrja að stunda kynlíf með hliðsjón af stöðu kynjanna í samfélaginu. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XII* (bls. 22-29). Háskóli Íslands: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Barnaverndarstofa og Rannsókn og greining. (2006). *Grunniðurstöður rannsókna: Kynhegðun ungs fólks á Íslandi og kynferðisleg misnotkun á börnum*. Reykjavík: Rannsókn og greining. Sótt 8. ágúst 2012 af <http://www.bvs.is/files/file425.pdf>
- Beckett, C. og Taylor, H. (2010). *Human growth and development* (2. útgáfa). London: Sage.
- Biocca, F. (2000). New media technology and youth: Trends in the evolution of new media [rafræn útgáfa]. *Journal of Adolescent Health*, 27, 22–29. Sótt 23. júlí 2012 af <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S1054139X00001361>
- Coleman, E. (2002). Promoting sexual health and responsible sexual behavior: An introduction. *Journal of Sex Research*, 39(1), 3-7.
- Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir. (2006). *Kynlíf - unglingar*. Reykjavík: Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir, Lýðheilsustöð, Forvarnarnefnd Reykjavíkurborgar og Landlæknisembættið. Sótt 20. júlí 2012 af http://www2.lydheilsustod.is/media/afengi/Kynlif_unglingar_3utg2009_net.pdf
- Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir. (e.d). *Samskipti foreldra og barna um kynlíf*. Sótt 8. ágúst 2012 af: http://www2.lydheilsustod.is/media/lydheilsa/For_baekl_okt_06.pdf
- Elkind, D. (2007). *The hurried child, growing up to fast to soon*. Cambridge: Da capo press.

- Embætti landlæknis. (e.d. a). *Klamydía eftir aldri og kyni 1997-2011*. Sótt 2.september 2012 af <http://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/smitsjukdomar/sjukdomur/item12514/Klamydia>
- Embætti landlæknis. (e.d.b). *Fóstureyðingar-tölur*. Sótt 20.júlí 2012 af <http://landlaeknir.is/Heilbrigdistolfraedi/Fostureydingar>.
- Embætti landlæknis. (e.d.c). *Kynheilbrigði, unglingar og ungt fólk*. Sótt 9.ágúst 2012 af <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/kynheilbrigdi/unglingar-og-ungt-folk/>
- Embætti landlæknis. (2005). *Heilbrigðistölfraði. Fóstureyðingar 2003*. Sótt 20.júlí 2012 af <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2741/version4/2750.pdf>
- Ethier, K. A., Kershaw, T. S., Lewis, J. B., Milan, S., Niccolai, L. M. og Ickovics, J. R. (2006). Self-esteem, emotional distress and sexual behavior among adolescent females: Inter relationships and temporal effects. *Journal of Adolescent Health, 38*, 268-274.
- Evans, I., og Huezo, C. (1997). *Family planning handbook for health professionals*. London: IPPF (International Planned Parenthood Federation).
- Eyrún B. Jónsdóttir. (2002). *Kynferðisbrot og afleiðingar þeirra*. Sótt 2.september 2012 af <http://doktor.is/component/k2/item/851-kynfer%C3%B0isbrot-og-aflei%C3%B0ingar-%C3%BEeirra.html>
- Feldman, J. og Middleman, A. B. (2002). Adolescent sexuality and sexual behavior. *Adult and Pediatric Gynecology, 14*, 489-493.
- Garriguet, D. (2005). Early sexual intercourse. *Health Reports, 16*(3), 9-16.
- Greenberg, J.S., Bruess, C.E., og Haffner, D.W. (2004). *Exploring the dimensions of human sexuality*. Boston: Jones and Bartlett Publishers.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2006a, 19.apríl). *Hafa fjölmiðlar góð eða vond áhrif á viðhorf okkar til kynlífs?* Sótt 8.ágúst 2012 af <http://visindavefur.is/?id=5828>.

- Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2006b, 11. desember). *Hvað einkennir svokallaða klámkynslóð?* Sótt 8. ágúst 2012 af <http://visindavefur.is/?id=6429>.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2007). Pornography and sex among adolescents in Iceland [rafræn útgáfa]. *Unge, køn og pornografi i Norden*, 111-150. Sótt 20. júlí 2012 af http://www.norden.org/is/utgafa/utgefid-efni/2006-546/at_download/publicationfile
- Guðrún Agnarsdóttir. (febrúar). *Áhrif kynlífsiðnaðar á ungar stúlkur. Átak gegn verzlun með konur*. Ráðstefna á Grand Hótel. Sótt 2. september 2012 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/mansal-gudrun.pdf>
- Haffner, D. (1993). *Toward a new paradigm on sexual health*. SIECUS Report, 21(2), 26-30.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Fæðingartíðni 1853-2011*. Sótt 22. júlí 2012 af <http://hagstofan.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN05201%26ti=F%E6%F0ingart%ED%F0ni+1853%2D2011+%26path=../Database/mannfjoldi/Faaddir/%26lang=3%26units=pr%201000%20konur>
- Innanríkisráðuneyti. (2002). *Skýrsla nefndar sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis*. Reykjavík. Sótt 2. september 2012 af <http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/vaendiogklam.pdf>
- International Planned Parenthood Federation (IPPF). (1992). *Strategic plan, vision 2000*. London: International Planned Parenthood Federation.
- Kanuga, M. og Rosenfeld, W.D. (2004). Adolescent sexuality and the Internet: The good, the bad and the URL [rafræn útgáfa]. *Journal of Pediatric Adolescent Gynecology*, 17(2), 117-124. Sótt 20. Júlí 2012 af <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S1083318804000166>
- Kjær, S. K., Tran, T. M., Sparen, P., Laufey Tryggvadóttir, Munk, C., Dasbach, E. o.fl. (2007). *The burden of genital warts: A study of nearly 70,000 women from the general female population in the 4 Nordic countries*. Sótt 8. júní 2012 af <http://jid.oxfordjournals.org/content/196/10/1447.full.pdf+html>.
- Lilja Sigurðardóttir. (2002). Foreldrar og kynfræðsla. *Heimili og skóli*, 1(9), 4-5.

- Lo, V. og Wei, R. (2005). Exposure to internet pornography and Taiwanese adolescents sexual attitudes and behavior [rafræn útgáfa]. *Journal of Broadcasting and Electronic Media*, 49(2), 221-237. Sótt 23.júlí 2012 af <http://nccur.lib.nccu.edu.tw/bitstream/140.119/38190/1/398.pdf>
- Lovísa Arnardóttir. (2011). *Staða barna á Íslandi í dag*. Sótt 6.júní 2012 af http://unicef.is/files/file/UNICEF_skyrsla_um_stodu_barna_2011.pdf.
- Maltz, W. (1995). The Maltz hierarchy of sexual interaction. *Journal on Sexual Addiction and Compulsivity*, 2(1), 5-18.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2010). *The Nordic youth research 2010*. Sótt 4.júlí 2012 af <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/NordicYouth-Research-Descriptive-Report.pdf>.
- Menntamálaráðuneytið. (2005). *Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneyti.
- National Guidelines Task Force (NGTF). (1996). *Guidelines for comprehensive sexuality education* (2. útg.). New York: SIECUS.
- Nordic Medico Statistical Committee (NOMESCO). (2004). *Health Statistics in the Nordic Countries 2002*.
- Nordic Medico Statistical Committee (NOMESCO). (2011). *Health statistics for the Nordic countries 2011*. Sótt 8.ágúst 2012 af <http://nomesco-eng.nomos.dk/filer/publikationer/Helsstat%202011.pdf>
- Pan American Health Organization (PAHO) og World Health Organization (WHO) (2000). *Promotion of sexual health recommendations for action*. Guatemala: PAHO, WHO, WAS (World Association for Sexology).
- Paul, P. (e.d.). *From pornography to porno to porn: How porn became the norm*. Sótt 20.ágúst 2012 af http://www.socialcostsofpornography.com/Paul_How_Porn_Became_the_Norm.pdf

Paul, P. (2005). *Pornified: How pornography is damaging our lives, our relationships, and our families*. New York: Owl Books.

Russell, D. (1998). *Dangerous relationships: Pornography, misogyny, and rape*. California: Thousand Oaks.

Sexuality Information and Education Council of the United States (SIECUS). (2004). *Guidelines for Comprehensive Sexuality Education: Kindergarten- 12th grade, Third Edition*.

Sigurður Ingi Árnason og Þorbjörn Broddason. (2010). Netnotkun íslenskra ungmenna. Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 267-275). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Sigurlaug Hauksdóttir. (2006). Forvarnarstarf um kynheilbrigði: Unglingamóttaka og félagsráðgjöf. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn* (bls. 94-110). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sóley S. Bender (1990). *Kynfræðsla, Fræðslu- og ráðgjafarstöð fyrir ungt fólk*. Reykjavík: Heilsuverndarstöð Reykjavíkur.

Sóley S. Bender, Reynir Tómas Geirsson og Kosunen, E. (2003). Trends in teenage fertility, abortion and pregnancy rates in Iceland compared with other Nordic countries, 1976-99. *Acta Obstetrica et Gynecologica Scandinavica*, 82(1), 38-47.

Sóley S. Bender og Kosunen, E. (2005). Teenage contraceptive use in Iceland: A gender perspective. *Public Health Nursing*, 22(1), 17-26.

Sóley S. Bender. (2006). Kynlífsheilbrigði: Þörf fyrir stefnumótun. *Tímarit hjúkrunarfræðinga* 4(82), 52-56.

Sóley S. Bender, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Solveig Jóhannsdóttir. (2011). *Ungt fólk og kynlíf*. Kennarahandbók. Reykjavík: Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir.

Tolman, D.L., Striepe, M.I., og Harmon, T. (2003). Gender matters: Constructing a model of adolescent sexual health. *The Journal of Sex Research*, 40(1), 4-12.

Wang, B., og Davidson, P. (2006). Sex, lies and videos in rural China: A qualitative study of women's sexual debut and risky sexual behavior. *The Journal of Sex Research*, 43(3), 227-235.

World Health Organization (WHO). (1986). *Health for all 2000. Sexuality and family planning programme*. Kaupmannahöfn: World Health Organization.

World Health Organization (WHO). (1987). *Concepts of sexual health. Report on a working group*. Kaupmannahöfn: World Health Organization.

World Health Organization (WHO). (2001). *WHO regional strategy on sexual and reproductive health*. Kaupmannahöfn: World Health Organization.

Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjalmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson. (2006). Heilsa og lífskjör skólanema 2006. *Landshlutaskýrsla* [rafræn útgáfa]. Akureyri: Háskólinn á Akureyri og Lýðheilsustöð. Sótt 3. júlí 2012 af http://www2.lydheilsustod.is/rannsoknir/heilsufar-almennt/nr/1674#Kynlif_